

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í færslu Krýsuvíkurvegjar um 250 metra til vesturs og mislægum gatnamótum vegarins við Reykjanesbraut. Tenging Baughellu við Krýsuvíkurveg er felld út. Afmörkun opins svæðis til sérstakra nota norðan Reykjanesbrautar breytist vegna breyttrar legu Suðurbrautar sem framlengist til vesturs til samræmis við nýja staðsetningu mislægu gatnamótanna.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.